

Ágæti félagsmaður,

8. september 2009

I Sauðfé

Framtíðarhorfur

Til lengri tíma er ljóst að umfang og afkoma sauðfjárræktar á Íslandi byggist á því hvaða árangur næst í að byggja upp útflutning sem skilar okkur herra verði en heimsmarkaðsverði. Þetta verkefni þarf að vinnast af sláturleyfishöfum sameiginlega. Heimsmarkaðsverð fer hækkandi vegna samdráttar í framleiðslu hjá Nýsjálendingum og Áströlum en hækkunin er minni en ella vegna kreppu sem víða ríkir og dregur úr kjötneyslu. Það má vera bjartsýnn á árangur en um er að ræða verkefni til langs tíma. Hagræðing í slátrun og úrvinnslu skiptir miklu en síðast en ekki síst er það gengi íslensku krónunnar sem ræður því í hvaða mæli útflutningur stendur undir framleiðslukostnaði innanlands.

Verðlagning sauðfjárafurða

Það er óvæfengt að framleiðslukostnaður bænda hefur hækkað mikið en markaðurinn spyr því miður ekki um kostnað. Milli ára er sú breyting skv. búvörusamningi að vaxta- og geymslugjald sem sláturleyfishafar fá greitt til að standa undir kostnaði af birgðahaldi lækkar um 10% sem er ígildi um 2,5% af bændaverði.

Með hliðsjón af markaðsaðstæðum er ekki talið svigrúm til að hækka verð innanlands. Veik staða krónunnar gefur hins vegar möguleika á að hækka verð fyrir útflutning. Það eru ekki fyrir hendi markaðir nema

Útflutningsþörf undanfarinna ára hefur verið um 1500 tn. Söluþróun þessa árs er verulega slæm og ræður þar mestu fækkun í landinu og skertur kaupmáttur fólks sem leitar í ódýrari valkosti. Það má teljast vel sloppið ef samdráttur innanlands verður ekki meiri en 10% yfir árið. Það gerir að útflutningsþörf næsta afurðaárs verður um 2200 - 2500 tn sem er nálægt 30% af framleiðslunni. Ef sláturleyfishafar flytja út minna en um 30% af framleiðslunni mun umframmagn á innanlandsmarkaði örugglega leiða til verðfalls.

Sláturfélagið stefnir að því að flytja út 30% af framleiðslu sinni og hefur á afurðaárinu sem er að líða flutt út um 160 tn umfram útflutningsskyldu til að létta á birgðum og stuðla að jafnvægi á markaði.

fyrir hluta þess magns sem flytja þarf út. Á meðan ekki er búið að byggja upp fleiri markaði þarf að selja það sem út af stendur á heimsmarkaðsverði sem er mun lægra en innanlandsverð.

Að öllu þessu skoðuðu er það niðurstaða SS að greiða fyrir allt innlagt sauðfé haustsins skv. eftirfarandi verðskrá sem skilar bændum að meðaltali 9,6% herra verði fyrir dilkakjöt en í síðustu sláturtíð. Greitt verður skv. þessari verðskrá bæði fyrir það kjöt sem félagið selur innanlands og það sem flutt verður út.

Viðtakandi:

Holdfylling /Fita	1	2	3	3+	4	5
E	493	493	476	422	317	293
U	479	484	462	420	316	287
R	438	454	433	361	287	279
O	386	436	376	345	280	276
P	344	344				
VP	250					
VR			292		255	
VHR			75		52	
VHP	60					
FP	55					
FR			106		52	

Allt sauðfjárinnlegg staðgreitt áfram

Sláturfélagið mun staðgreiða allt innlegg eins og verið hefur undanfarin ár. Það er ljóst að staðgreiðsla orsakar mikinn fjármagnskostnað vegna þess að 12 mánuði tekur að selja allt kjötið sem staðgreitt er. Einnig er í

staðgreiðslu og föstu verði mikil áhætta fyrir sláturleyfishafa ef markaðsaðstæður raskast verulega á afurðarárinu.

Yfirborgunir & framkvæmd slátrunar

Eftirfarandi eru upplýsingar um yfirborgunir haustsins. Vakin er athygli á því að ekki er yfirborgun fyrir páska og engin sérstök páskaslátrun er fyrirhuguð. Slátrað verður einu sinni eftir áramót til að bændur geti losnað við gripi sem þeir vilja ekki halda lengur.

Það er nauðsynlegt fyrir Sláturfélagið að lækka sláturkostnað. Í því skyni verður slátrun á laugardögum hætt og dregið úr annarri yfirvinnu. Þetta mun

óhjákvæmilega draga úr sláturgetu og því nauðsynlegt að nýta sláturtímann fyrirhluta september betur en verið hefur. Jafnframt má búast við að gimbrar verði ekki teknar til slátrunar er líður á október til að koma öllum hrútlömbum að. Leitast verður við að jafna stöðu innleggjenda þannig að allir sitji við sama borð með aðgang að sláturtíma. Það eru krefjandi tímar og mikilvæg að allir vinni saman að því að lækka kostnað.

Sláturvika	Yfirborgun Markaðsr. 2009	Yfirborgun S.S. 2009	Samt pr/kg m.v. 15 kg dilk 2009	Hámark Sl.fjölda
34 [17.-21. ágúst]	900 kr/dilk	58 kr/kg	118 kr/kg	1.000 stk
35 [24.-28. ágúst]	600 kr/dilk	54 kr/kg	94 kr/kg	2.000 stk
36 [31.ág-4. sept.]	300 kr/dilk	40 kr/kg	60 kr/kg	2.000 stk
37 [7-11. sept.]		25 kr/kg	25 kr/kg	
38 [14.-18. sept.]		8 kr/kg	8 kr/kg	
Aðalsláturtíð	Geymslugj.	-		
45 [2. – 6. nóv.]	8 kr/kg	- kr/kg	8 kr/kg	
46 [9. – 13. nóv.]	8 kr/kg	5 kr/kg	13 kr/kg	
47 [16. – 20. nóv.]	8 kr/kg	10 kr/kg	18 kr/kg	1.000 stk
48 [23. – 27. nóv.]	8 kr/kg	15 kr/kg	23 kr/kg	1.000 stk

SS greiðir yfirborgun á alla flokka en yfirborgun Bændasamtökin greiða bændum geymslugjaldið að Markaðsráðs er á flokka E-O, fitufl. 1-3+. jafnaði um 6 vikum eftir lok innleggsmánaðar.

Takmarkanir á lyfjanotkun

Sláturfélagið mun flytja mikið af fersku lambkjöti til Whole Foods (WF) keðjunnar í Bandaríkjunum í haust. Sala til WF er mjög áhugaverð og spennandi framtíðarmöguleiki. WF gerir miklar kröfur til birgja og gerir meðal annars sérstakar úttektir á sláturhúsum og er með kröfur sem ganga lengra en íslenskar reglur og reglur ESB og USA. Ein krafa WF er að kjöt sem þeir fá sé af dýrum sem aldrei hafa fengið sýklalyf, hníslasóttarlyf (jónófór) eða hormóna ! Af þessari

Ærslátrun – Tvíreifa gærur

Sláturfélagið tekur ær til slátrunar allar vikur nema yfir háannatímamann u.þ.b. 25. sept. til loka október er dilkar hafa forgang. Margir bændur meta að geta losnað við ærnar með lömbunum. Það er mikilvægt að bændur

Heimtaka – Framkvæmd

Bændur verða að ákveða fyrir afhendingu á fjárbíl hvaða flokka og fjölda þeir ætla að taka heim og hvernig á að meðhöndla kjötið. Óski bóndi að taka heim kjöt af ákveðnum dýrum skal litamerkja hausinn á þeim gripum og láta það koma fram á heimtökublaðinu. Það er ekki hægt að bakfæra innlegg og breyta vigtarseðlum eftir. Bændur eru beðnir að afhenda heimtökublað við afhendingu fjár þar sem fram kemur hvaða flokka þeir vilja taka heim og hvernig á að ganga frá kjötinu. Nauðsynlegt er að beiðnir séu skriflegar til að hægt sé að skrá inn í kjötmatskerfið heimtökuóskir áður en mat fer fram. Aftast í fréttabréfinu er eyðublað fyrir heimtöku sem óskað er að bændur fylli út og afhendi bílstjóra. Eyðublaðið má einnig finna á heimasíðu félagsins í kaflanum um sauðfé. Það verður ekki hægt að verða við óskum um breytingum á heimtöku eftir afhendingu.

Gjald fyrir heimtöku og 7 parta sögun verður 2300 kr/

Flutningar á sauðfé – Afhending & lágmarksfjöldi

Það er mikilvægt að bændur og Sláturfélagið vinni saman að því að bæta líðan fjár á leið til sláturhúss. Það eru bein tengsl á milli dýravelferðar og gæða afurða. SS leggur til vönduð flutningstæki og reynda samviskusama bílstjóra. Bændur þurfa að hafa góða aðstöðu til hleðslu bíla og leggja kapp á að skila fé hreinu. SS mun í haust eins og síðasta haust skrá niður aðstöðu á bæjum og þann tíma sem tekur að koma fénu á bíl. Það eru nokkrir bændur sem þurfa að bæta aðstöðu til hleðslu fjárbíla. Ella bitnar langur hleðslutími hjá þeim á fé nágranna þeirra og eykur jafnframt flutningskostnað vegna lakari nýtingu bíla.

Rafrænir vigtarseðlar

Allir innleggjendur geta fengið vigtarseðil sendan samdægurs með tölvupósti og innleggsskrá fyrir fjarvis. is senda til Bændasamtakanna. Notkun og varsla á

ástæðu hefur afhendingarseðli sem bændur undirrita við afhendingu fjár á sláturbíl verið breytt. Þar staðfestir bóndi að þeir gripir sem hann afhendir hafi ekki fengið þessi lyf. Ef í sláturhjórdinni eru gripir sem hafa fengið umrædd lyf á að tilgreina nr. þeirra sérstaklega til að hægt sé að aðgreint þá frá þeim gripum sem verkaðir eru fyrir WF. Það er mjög mikilvægt að bændur skrái rétt þau lömb sem send eru til slátrunar og hafa fengið þessi lyf þó að lögboðnum útskolunartíma sé lokið.

rýi ær þannig að gæran standi undir þeim verðmætum sem hún á að gera. Gærur af tvíreifa ám eru ónothæfar og þarf að urða með ærnum kostnaði.

stk í haust fyrir dilka og 2500 kr/stk fyrir fullorðið. Fínsögun kostar aukalega 400 kr/stk. Afhending á Selfossi og Hvolsvelli er án kostnaðar. Kostnaður af heimsendingum innan félagssvæðis SS er 500 kr/stk en stærsti hluti þess er kostnaður við kassa og poka undir kjötið. Sent verður með Flytjanda. Vsk bætist við ofangreindar tölur. Slátur fylgir ekki heimteknu kjöti. Heimtaka verður aðeins afhent eða send viðkomandi innleggjanda í einu lagi og kvitta skal fyrir móttöku.

Útflutningsskylda er fallin niður og því er í lögum ekkert til lengur sem heitir heimtaka sem var réttur til að taka heim kjöt án útflutningsskyldu. Nú er um að ræða slátrun fyrir bændur á lægra verði en almennt er boðið. Þessi slátrun er takmörkuð við eðlilega heimanotkun. Stórfelld heimtaka til endursölu fellur ekki undir þetta og verður verðlögð sem verktakaslátrun á herra verði.

Bændur eru vinsamlega beðnir að afhenta fé fyrir hádegi ef á þarf að halda. Akstur með fé er að dragast of langt fram á daginn og kvöld sem eykur kostnað og takmarkar nauðsynlega hvíld fyrir slátrun.

Lömb eiga ekki að fara södd á sláturbíl en mikilvægt að þau hafi haft nægan aðgang að vatni fyrir flutning. Sömu reglur gilda og áður til að tryggja nýtingu flutningstækja. Ekki verður sótt á bæ nema þar séu að lágmarki 30 kindur. Minni partí þarf að sameina með öðrum svo fremi sem það er heimilt vegna heilbrigðisreglna.

rafrænu formi er mun þægilegri en gamli pappírinn. Koma þarf beiðni og upplýsingum um netfang til Selfoss til að hægt sé að senda gögnin.

II Urðun sláturúrgangs

Undirritaður vakti nýlega athygli á því í Sunnlenskum fjölmiðlum að það stefnir í “stórslys” ef svo fer sem horfir að urðunarstað Sorpstöðvar Suðurlands í Kirkjuferjuháleigu verður lokað í desember á þessu ári. Við þetta eykst gríðarlega kostnaður við sorpurðun og liggur sá kostnaðarauki í flutningi yfir Hellisheiðina til Álfsness og greiðslu urðunargjalda þar. Áætlað er að kostnaðarauki sé yfir 200 mkr. á ári. Þessi kostnaðarauki mun koma fram í hækkuðum greiðslum íbúa fyrir sorphirðu og hækkun á vöruverði og lakari afkomu

fyrirtækja sem þurfa að greiða þennan kostnað. Svo það sé sett í samhengi þá eru 200 mkr. á ári yfir 60 þkr. á hverja fimm manna fjölskyldu á svæði Sorpstöðvar Suðurlands. Það er vonandi að sveitarstjórnarmönnum takist að finna lausnir til að áfram megi nýta urðunarstaðinn í Kirkjuferjuháleigu.

Í heimsókn til Kirkjuferjuháleigu mátti sjá mjög snyrtilegan urðunarstað og greinilega vel að málum staðið hjá Arnari Árnasyni sem hefur yfirumsjón með starfseminni.



Séð í átt að urðunarstaðnum frá hliðinu



Arnar við sorptroðarann

Með kveðju,
Sláturfélag Suðurlands svf.

Steinþór Skúlason

Fyrirvari er gerður um prentvillur



Sláturfélag Suðurlands svf.
Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík
Sími 575 6000

	SLÁTURFÉLAG SUDURLANDS Fosnesi Selfossi Sími 480 4100	Heimtaka – vinsamlega afhenda bílstjórum blaðið um leið og sauðfé er afhent
---	--	---

Nafn	kt.	
Bæjarnafn	Hreppur	Lögbýlisnúmer
Netfang	Sími	

	Dilkar	Veturgamalt	Fullorðið	Alls															
Fjöldi skrokka	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>															
Ef óskað eftir heimsendingu á kjötinu	Já <input type="checkbox"/>		Nei <input type="checkbox"/>																
	Eram partur		Hryggur	Slög															
	Læri																		
Vinsamlega merkið í viðeigandi reit.																			
Flokkur	Fjöldi	Osagað	7 parta sögun	Fínsögun	Klofinn	Súpukjöt/bita	Sneiðar / grill	Framm. sneiðar / súpukjöt	Heill	Klofinn	Enf. Kótiletur	Tvöf. Kótiletur	Heill	Bitar/súpukjöt	Grill	Heil með hækli	Heil án hækils	Hálf	Sneiðar

Ef beðið er um sögun þá er kjöt tilbúið á þriðja degi frá slátrun, annars er kjöt tilbúið til afhendingar daginn eftir slátrun.

Athugasemdir vegna heimtöku: _____

